

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 08. nóvember 2010
2010050005/42-1-1
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013, 42. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. . maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun, 2010-2013, 42. mál. Tillagan er endurflutt óbreytt frá fyrra þingi.

Náttúrufræðistofnun Íslands sendir hér fyrri umsögn sína með smá breytingu.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun er vísað til þess að hún verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta (tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.) sem er í vinnslu í víðtæku samráði hagsmunaaðila og byggist m.a. á samþættingu ýmissa opinberra áætlana. Náttúrufræðistofnun Íslands gaf umsögn um sóknaráætlunina og var þar bent á nokkur verkefni, sjá hér fyrir neðan, sem falla vel að nýsköpun og atvinnuþróun og eru til þess fallin að auka menntun og styðja við umhverfismál. Verkefnin eru einnig þess eðlis að þau þarf að vinna út um allt land en góð samræming vinnu við þau er nauðsynleg.

- Fjármagni verði veitt til að ljúka gerð gróður- og vistgerðakorta af Íslandi, af þurrlendi, ferskvatni og grunnsævi umhverfis landið, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni* . Vistgerðir eru undirstöðueining í evrópskri samvinnu um skráningu og vernd náttúrunnar. Markmiðið með vistgerðaflokkun lands er að skapa grunn fyrir vöktun náttúru, skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis og jarðminja, svo og að draga úr kostnaði þjóðfélagsins af framkvæmd laga um umhverfismál. Gerð gróður- og vistgerðakorta af landinu hefði verulegan fjárhagslegan ávinning í för með sér fyrir ríki og sveitarfélög og framkvæmdaaðila yfirleitt. Kortin myndu flyta og bæta gerð skipulagsáætlana, umhverfismats áætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og auðvelda alla ákvarðanatöku um landnotkun. Kortin myndu nýtast við innleiðingu Evróputilskipana s.s. vatnatilskipunar, tilskipunar um umhverfisábyrgð og tilskipana á sviði náttúruverndar þ.e. vistgerðartilskipunar og fuglatilskipunar.
- Tryggja þarf fjármagn til að gera heildstæða vöktunaráætlun yfir lykilþætti líffræðilegrar fjölbreytni á þurrlendi, í ferskvatni og hafinu umhverfis landið og hrinda henni í framkvæmd, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd*




framkvæmd, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni*. Þörf er fyrir slíka áætlun svo unnt sé að fylgjast með þróun helstu þátta í lífríki landsins og grípa til verndaraðgerða ef þörf reynist. Vöktun á lífríki Íslands í dag svarar ekki þessum spurningum nema að takmörkuðu leiti.

- Styrkja þarf allan upplýsingagrunn um jarðfræði, lífríki og landslag og bæta verulega aðgengi almennings og fyrirtækja að upplýsingum. Þetta er sjálfsagður þáttur í því að birta það sem fjallað er um hér að framan en oft gleymist að þetta krefst sérhæfðrar tæknilegrar vinnu og nýsköpunar á sviði framsetningu gagna og fræðslu. Verið er að huga að því að innleiða „INSPIRE“ tilskipun á Íslandi sem m.a. gerir það að verkum, ef rétt er á haldið, að umhverfisskýrslur og öflun gagna verður aðgengilegri og notkun ódýrari.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

